

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
40. fundur
haldinn í Snæfellsstofu, 12. maí 2011

Mættir: Björn Ármann Ólafsson formaður, Ruth Magnúsdóttir, Magnhildur B. Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Þórhallur Þorsteinsson. Skarphéðinn G. Þórisson boðaði forföll. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest
2. Upplýsingar af störfum aðalstjórnar
3. Opinn fundur í Snæfellsstofu 12. maí
4. Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.35. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest

Undirrituð fundargerð 39. fundar sem fundarmenn höfðu farið yfir í tölvupósti eftir síðasta fund.

2. Upplýsingar af störfum aðalstjórnar

Ruth fór sem fulltrúi svæðisráðs á síðasta fund aðalstjórnar. Hún gerði grein fyrir því helsta sem þar var til umfjöllunar, s.s. áætlun um starfsmannaráðningar og dreifingu verkefna. Rætt var um samráðshóp um samgöngur sem komið hefur verið á samkvæmt ákvörðun umhverfisráðherra.

3. Opinn fundur í Snæfellsstofu 12. maí

Formaður fór yfir dagskrá fundarins á eftir. Samþykkt að Björn Ármann stýri fundi og Skúli Björn taki við fundarstjórn ef á þarf að halda. Björn Ármann mun skýra stjórnunar- og verndaráætlun eftir að Agnes og Ragna Fanney hafa gert grein fyrir starfsemi. Skúli Björn og Ruth munu einnig taka til máls varðandi ferðaþjónustu og framtíðarsýn. Rætt um að í framtíðinni þurfi að halda þessa opnu fundi í fyrri hluta aprílmánaðar.

4. Önnur mál

a. Stækkun á austursvæði þjóðgarðsins.

Bæjarstjórn Fljótaldalshéraðs hefur tekið fyrir óskir umhverfisráðuneytis um viðræður um stækkun austursvæðis með Brúardölum og Kreppu. Bókun bæjarstjórnar var að fara ekki í viðræður um stækkun að svo stöddu. Svæðisráð lýsir yfir vonbrigðum með þá afstöðu en treystir því að málið verði tekið upp að nýju. Formaður svæðisráðs hefur óskað eftir að fá að mæta á fund bæjarráðs út af málinu á næstunni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.40.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Þórhallur Þorsteinsson

Ruth Magnúsdóttir

Magnhildur Björnsdóttir